



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1053
komudagur 11.3.2005

Reykjavík 8.03. 2005.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla fjárhag Byggðastofnunar, 468. mál.

Alþýðusamband Íslands vill stuðla að víðtækri umræðu og sátt í samfélaginu um heildstæða stefnu í atvinnu- og byggðamálum.

Heildstæð stefna í atvinnu- og byggðamálum á að fela í sér framtíðarsýn um uppbyggingu viðkomandi byggðalags í heild sinni og hún á að stuðla að þróun öflugra byggðakjarna sem bjóða upp á þá fjölbreytni í atvinnu, menntun, menningu og þjónustu sem þarf til að skapa vöxt.

Reynslan sýnir að árangursrík atvinnu- og byggðastefna felst ekki í að leggja fé í fyrirtæki og stofnanir sem ekki eiga sér lífsvon. Það dugar ekki að senda einvörðungu fé frá stöðum þar sem vöxtur er til staða þar sem ekki er vöxtur. „Byggðastefna“ hér á landi hefur í allt of ríkum mæli einkenst af slíkum aðgerðum.

Á meðan ekki hefur farið fram víðtæk umræða og heildstæð stefna verið mynduð í atvinnu- og byggðamálum vill Alþýðusambandið ekki taka afstöðu til tillögu um að Byggðastofnun fái fjárveitingu til að taka þátt í **nýjum** atvinnuþróunarverkefnum.

Alþýðusambandið styður hins vegar þá tillögu að Byggðastofnun fái fjárveitingu til að styrkja eiginfjárstöðu sína og til að fylgja eftir verkefnum sem stofnunin er þegar þátttakandi í.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ